

Miðvikudaginn 28. apríl 1954.

Nr. 156/1953. **Ákærvaldið** (Sigurgeir Sigurjónsson)

gegn

Michael Sigfinnssyni (Lárus Jóhannesson),

Ólafi Ólafssyni (Kristján Guðlaugsson),

Baldri Ársælssyni (Kristján Guðlaugsson),

Birni Ársælssyni (Sigurður Ólason)

og

Hannesi Ágústssyni (Egill Sigurgeirsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Fjárhættuspil.

Dómur Hæstaréttar.

Með játningu ákærðu, sem studd er öðrum gögnum málsins, er sannað, að þeir hafa allir brotið gegn ákvæðum 183. og 184. gr. hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 1. mgr. 22. gr., að því er varðar brot ákærða Björns Ársælssonar gegn 184. gr.

Samkvæmt nefndum greinum hegningarlaganna og 2. mgr. 49. gr. sömu laga, eftir því sem við á, ákveðst refsing

1) ákærða Michaels Sigfinnssonar fangelsi 35 daga og 15.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi í stað sektarinnar fangelsi 90 daga, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa,

2) ákærða Ólafs Ólafssonar fangelsi 3 mánuði og 30.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi fangelsi 140 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa,

3) ákærða Baldurs Ársælssonar fangelsi 45 daga skilorðsbundið, eins og í héraðsdómi segir, og 15.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi fangelsi 90 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa,

4) ákærða Björns Ársælssonar 12.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 80 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa,

5) ákærða Hannesar Ágústssonar 15.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 90 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Fallast má á það með héraðsdómara, að efni séu eigi til að svipta ákærðu réttindum samkvæmt 3. mgr. 68. gr. hegningarlaganna.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað ber að staðfesta.

Ákærði Michael Sigfinnsson greiði málflutningslaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 2.000,00.

Ákærðu Ólafur Ólafsson og Baldur Ársælsson greiði in solidum málflutningslaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 2.500,00.

Ákærði Björn Ársælsson greiði málflutningslaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 2.000,00.

Ákærði Hannes Ágústsson greiði málflutningslaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 2.000,00.

Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal málflutningslaun sækjanda málsins fyrir Hæstarétti, kr. 4.500,00, greiði ákærðu in solidum.

Það er mjög aðfinnsluvert, að héraðsdómari hefur látið undan falla heitfestingu vitna, eftir því sem við átti.

Dómsorð:

Ákærði Michael Sigfinnsson sæti fangelsi 35 daga og 15.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi fangelsi 90 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Ólafur Ólafsson sæti fangelsi 3 mánuði og 30.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi fangelsi 140 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Baldur Ársælsson sæti fangelsi 45 daga, en fullnustu þeirrar refsingar skal fresta, og niður skal hún falla eftir 3 ár frá uppsögu dóms þessa, ef skilorð VI. kafla laga nr. 19/1940 verða haldin. Hann greiði og 15.000 króna sekt í ríkissjóð, og komi fangelsi 90 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Björn Ársælsson greiði 12.000 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 80 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Hannes Ágústsson greiði 15.000 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 90 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað eiga að vera öröskuð.

Ákærði Michael Sigfinnsson greiði málflutningslaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Lárusar Jóhannessonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2.000,00.

Ákærðu Ólafur Ólafsson og Baldur Ársælsson greiði in solidum málflutningslaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Kristjáns Guðlaugssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2.500,00.

Ákærði Björn Ársælsson greiði málflutningslaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2.000,00.

Ákærði Hannes Ágústsson greiði málflutningslaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2.000,00.

Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal málflutningslaun sækjanda fyrir Hæstarétti, Sigurgeirs Sigurjónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 4.500,00, greiði ákærðu in solidum.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 12. júní 1953.

Ár 1953, föstudaginn 12. júní, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Halldóri Þorbjörnssyni, fulltrúa sakadómarara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1991—1995/1953: Ákærvaldið gegn Michael Sigfinnssyni, Ólafi Ólafssyni, Baldri Ár-

sælssyni, Birni Ársælssyni og Hannesi Ágústssyni, sem tekið var til dóms 1. þ. m.

Í máli þessu eru ákærðir Michael Sigfinnsson, Langholtsvegi 44, Ólafur Ólafsson verzlunarmaður, Eiríksgötu 9, Baldur Ársælsson, Laugavegi 137, Björn Ársælsson, Kambsvegi 29, og Hannes Ágústsson, Laugavegi 49 A, fyrir að hafa síðastliðin þrjú til fjögur ár gert sér fjárhættuspil að atvinnu á ýmsum stöðum í Reykjavík, svo sem í húsakynnum við Óðinsgötu og Baldursgötu og víðar, koma öðrum til að taka þátt í fjárhættuspili, afla sér tekna af því og láta það fara fram í húsnæði, sem þeir höfðu ráð yfir, en brot þessi teljast varða við 183. og 184. gr. laga nr. 19/1940. Krafizt er, að ákærðir verði dæmdir til refsingar, sviptingar réttinda skv. 3. mgr. 68. gr. hegningarlaga og greiðslu sakarkostnaðar, svo og skaðabóta, ef krafizt verður.

Ákærðir eru allir komnir yfir lögaldur sakamanna, Michael fæddur 25. marz 1913, Ólafur 28. maí 1903, Baldur 2. sept. 1925, Björn 11. júní 1916 og Hannes 17. sept. 1915. Þeir hafa sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

Ákærður Michael Sigfinnsson:

- 1938 23/12 Áminning fyrir brot á 7. gr. lögreglusamþ. Reykjavíkur.
- 1941 16/1 Áminning fyrir ógætilegan akstur.
- 1941 20/6 Dómur aukaréttar Reykjavíkur, tveggja mánaða fangelsi skilorðsbundið fyrir fjárhættuspil. Brot gegn 12. gr. 1. nr. 51/1928 og 183. gr. hegningarl., nr. 19/1940. Staðf. í Hæstarétti 19/12 '41.
- 1941 9/10 Kærður fyrir ætlað bifreiðalagabrot. Fellt niður.
- 1942 15/5 Sátt, 600 kr. sekt fyrir brot gegn 15. gr., sbr. 30. gr., laga nr. 33/1935 og 1. gr. laga nr. 13/1941.
- 1942 25/10 Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1942 31/3 Seyðisfjörður. Aðvörun og áminning fyrir brot á 17. gr. áfengisl.
- 1945 3/10 Rvík. Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1945 25/11 Rvík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1946 8/8 Rvík. Sátt, 125 kr. sekt fyrir að vanrækja að færa bifreið til skoðunar.
- 1947 20/9 Rvík. Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri og í heimahúsum og ólöglegt áfengi í vörzlu.
- 1948 9/6 Rvík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
- 1948 20/9 Rvík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
- 1948 1/9 Rvík. Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1950 19/1 Rvík. Sátt, 600 kr. sekt fyrir verðlagsbrot.
- 1951 5/7 Rvík. Sátt, 30 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.

Ákærður Ólafur Ólafsson:

- 1927 24/8 Siglufj. 400 kr. sekt fyrir ólöglega áfengissölu.
- 1930 14/6 Sátt, sekt 50 kr. fyrir ölvun á almannafæri.
- 1930 15/7 Sátt, sekt 50 kr. fyrir ölvun á almannafæri.

- 1931 31/1 Sátt, sekt 50 kr. fyrir ölvun á almannafæri.
 1931 17/3 Sátt, sekt 600 kr. fyrir ólöglega áfengissölu.
 1931 22/9 Sátt, sekt 50 kr. fyrir ölvun á almannafæri.
 1931 12/10 Dómur Hæstaréttar: 8 mánaða betrunarhúsvinna fyrir brot gegn 277., sbr. 271. gr., hinna almennu hegningarlaga frá 1869. Í sama máli dæmdur til að greiða 367 kr. í skaðabætur.
 1931 23/10 Sátt, sekt 50 kr. fyrir ölvun á almannafæri.
 1932 9/8 Sátt, sekt 1.000 kr. fyrir ólöglega áfengissölu og bruggun.
 1933 25/3 Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 2.000 kr. sekt og þriggja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir ólöglega áfengissölu.
 Staðf. í Hæstarétti 13/11 1933.
 1933 29/12 Dómur aukaréttar Reykjavíkur, fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 30 daga fyrir þjófnaðarhyllmingu.
 1935 7/2 Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1935 14/6 Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1939 16/6 Dómur aukaréttar Reykjavíkur, þriggja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir brot gegn 255. gr. almennra hegningarlaga.
 1941 20/6 Dómur aukaréttar Reykjavíkur, þriggja mánaða fangelsi fyrir fjárhættuspil. Staðf. í Hæstarétti 19/12 1941.
 1941 3/7 Áminning fyrir brot á 3. gr. lögreglusamþ. Rvíkur.
 1942 25/1 Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1943 12/4 Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 1 árs fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot gegn 248. gr. með hliðsjón af 77. gr. hegningarlaganna.
 1944 13/8 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1945 24/11 Sátt, 25 kr. sekt fyrir óleyfilega meðferð áfengis.
 1946 7/11 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1947 5/5 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1947 6/10 Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1949 29/5 Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1950 1/1 Veitt uppreisn æru með forsetaúrskurði.

Ákærður Baldur Ársælsson:

Í Reykjavík:

- 1939 16/3 Kærður fyrir þjófnað úr sjálfsala. Afgr. til barnaverndarnefndar.
 1947 13/2 Sátt, 200 kr. sekt fyrir ólöglegan innflutning tóbaks.
 1949 25/11 Sátt, 150 kr. sekt, 100 kr. skaðabætur fyrir ölvun og spellvirki.

Ákærður Björn Ársælsson:

- 1940 4/10 Áminning fyrir rangstæði bifreiðar á götu.
 1940 5/11 Áminning fyrir að skeyta ekki umferðarmerki lögregluunnar.

- 1941 4/3 Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun og rúðubrot. Kr. 9,50 í skaðabætur.
- 1941 21/4 Kærður fyrir ölvun í bifreið. Fellt niður.
- 1941 16/10 Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 217. gr. hegningarlaga, nr. 19/1940, 18. gr. áfengisl., nr. 33/1935, og 3. gr. lög-reglusamb. Reykjavíkur og in solidum með öðrum 85 kr. skaðabætur.
- 1941 6/12 Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1942 25/6 Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun og áflog.
- 1942 28/9 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
- 1943 20/4 Kærður af Gunnari Ásgeirssyni, Keflavík, fyrir árás. Fellt niður með bréfi dómsmálaráðuneytisins 22/12 1943.
- 1943 3/7 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
- 1943 29/12 Sátt, 500 kr. sekt og 2.500 kr. skaðabætur fyrir árás.
- 1944 9/6 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri og áflog.
- 1944 25/10 Sátt, 75 kr. sekt fyrir „slagmál“.
- 1945 13/8 Sátt, 20 kr. sekt fyrir brot gegn biðskyldu við gatnamót.
- 1945 11/9 Sátt, 50 kr. sekt, 150 kr. skaðabætur fyrir brot gegn 18. gr. áfengislaganna, sbr. 7. gr. og 4. gr. lögreglusamb. Rvíkur.
- 1946 8/3 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1947 29/8 Siglufj. Sátt, 250 kr. sekt fyrir ölvun og árás á lög-regluna.
- 1948 18/3 Rvík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir ofhraða á bifreið.
- 1949 2/3 Rvík. Áminning fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
- 1935 24/7 Sátt í Hafnarfirði, 10 kr. sekt fyrir brot á lögreglu-samb. Keflavíkur.
- 1937 7/10 Sátt í Hafnarfirði, 15 kr. sekt fyrir götuóspektir.
- 1938 25/9 Sátt í Keflavík, 25 kr. sekt fyrir ölvun og 10 kr. skaða-bætur í sama máli.
- 1938 3/6 Sátt, 10 kr. sekt fyrir brot á umferðarreglum.
- 1938 6/6 Undir rannsókn út af ökuóhappi, skýrsla send hlutað-eigandi váttryggingarfélagi. Ekki talin ástæða til máls-sóknar.
- 1938 21/6 Sátt, 50 kr. sekt fyrir að kenna 12 ára dreng að stýra bifreið.
- 1938 6/10 Sátt, 60 kr. sekt fyrir óspektir og 50 kr. skaðabætur í sama máli.
- 1939 6/3 Undir rannsókn út af ökuóhappi, skýrsla send hlutað-eigandi váttryggingarfélagi. Ekki talin ástæða til máls-sóknar.
- 1939 25/8 Sátt, 30 kr. sekt fyrir ofhraða á bifreið.
- 1939 6/10 Undir sams konar rannsókn. Sams konar afgreiðsla.
- 1939 13/12 Sátt, 20 kr. sekt fyrir brot á reglugerð um takmörkun á akstri bifreiða.

- 1940 29/3 Kærður af Axel Sigurgeirssyni fyrir árás og meiðsli Féll niður eftir atvikum.
- 1940 21/6 Sátt, 40 kr. sekt fyrir bifreiðaárekstur.
- 1940 23/6 Undir rannsókn út af umferðaróhappi, skýrsla send hlutaðeigandi váttryggingarfélagi. Ekki talin ástæða til málssóknar.
- 1940 19/8 Áminning fyrir að aka bíl yfir vatnsslöngur slökkviliðs í Hafnarfirði.
- 1952 15/1 Rvík. Áminning fyrir brot á reglug. nr. 72/1937.
- 1952 4/3 Rvík. Kærður fyrir bifreiðalagabrot. Fellt niður.
- Ákærður Hannes Ágústsson:
- 1939 24/1 Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, skilorðsbundið, fyrir brot gegn 240. gr. alm. hegningarlaga.
- 1940 25/6 Sátt, 10 kr. sekt fyrir brot á sölureglum fyrir pylsuvagna.
- 1940 9/9 Áminning fyrir ljósleysi á bifreið.
- 1941 15/7 Aðvörun fyrir brot á reglum um lokunartíma pylsuvagna.
- 1943 22/1 Sátt, 40 kr. sekt fyrir brot á reglum um lokunartíma pylsuvagna.
- 1944 8/1 Sátt, 1.500 kr. sekt fyrir ólöglega áfengissölu.
- 1948 24/8 Sátt, 15 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
- 1948 8/10 Áminning fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
- 1950 25/8 Sátt, 30 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

I.

Hinn 14. marz 1952 birtist í blaðinu Reykvikíngi grein með fyrir-sögninni: Þetta getur ekki gengið. Var efni greinarinnar það, að hér í bænum væru menn, er gerðu sér að atvinnu að féfletta menn í fjár-hættuspilum. Rannsóknarlögreglan hóf af þessu tilefni athuganir, og kom í ljós, að frásagnir blaðsins mundu hafa við rök að styðjast. Fóru síðan fram dómpróf í málinu 5.—28. maí 1952. Við þá rann-sókn hefur verið í ljós leitt, að þeir fimm menn, er ákærðir hafa verið í máli þessu, hafa staðið fyrir fjárhættuspilum í verzlunar-húsnæði í húsinu nr. 1 við Óðinsgötu og í skúr við húsið nr. 24 við Baldursgötu. Hins vegar hefur ekki komið fram, að þeir hafi haldið uppi slíkri starfsemi á öðrum stöðum, þótt svo sé til orða tekið í ákæru, og kemur því ekki til álita að sakfella þá fyrir annað en fjárhættuspil þeirra á áðurnefndum tveimur stöðum, en frá því verður nánar greint hér á eftir. Rannsóknin snerist jafnframt að verulegu leyti um fjárhættuspilarekstur Björgólfs kaupmanns Sig-urðssonar, Grundarstíg 6 hér í bæ, en hann er sakaður um að hafa látið spila fjárhættuspil á ýmsum stöðum, er hann hefur haft yfir

að ráða. Um þessa starfsemi Björgólfs verður ekki fjallað í máli þessu, en sérstök ákæra hefur verið gefin út á hendur honum.

II.

Fjárhættuspil í verzluninni á Óðinsgötu 1.

1. Veturinn 1950—1951 rak Michael Sigfinnsson fornværlun í verzlunarhúsnæði á 1. hæð hússins nr. 1 við Óðinsgötu. Í húsnæði verzlunarinnar virðast hafa verið nokkur brögð að því, að spilað væri fjárhættuspil, einkum póker. Hefur ákærður sjálfur játað, að þetta hafi komið fyrir, en telur það þó hafa verið sjaldan.

Verða nú raktir framburðir þeirra vitna, er náðst hefur til og borið hafa um fjárhættuspil á Óðinsgötu 1 á þeim tíma, er ákærður Michael réð þar húsum.

Vitnið Karl Börlös Jensen Árnason glerskurðarmaður, 29 ára að aldri, skýrir svo frá, að hann hafi veturinn 1950—1951 alloft spilað fjárhættuspil þarna, og hafi sér virzt, að spilað væri þarna að staðaldri og að hægt væri að koma þarna hvaða kvöld, sem væri. Hafi verið spilað í litlu herbergi inn af búðinni. Hann segir, að Michael hafi oftast stjórnað spilamennskunni sjálfur, en stundum þó annar hvor þeirra Ólafs Ólafssonar eða Björns Ársælssonar. Eftir að á veturinn leið, hafi Michael spilað þarna sjaldnar, og veturinn 1951—52 hafi hann ekkert spilað þarna.

Vitnið Ásgeir Ólafsson, 52 ára að aldri, sem kveðst lengi hafa spilað fjárhættuspil, kveðst hafa spilað á nefndum stað í fáein skipti og ekki viti hann, hvort þarna hafi verið spilað að staðaldri.

Vitnið Bjarni Bjarnason sjómaður, 50 ára að aldri, kveðst einu sinni hafa komið þarna veturinn 1950—51, og hafi menn þá verið að spila, en ekki vissi hann, hver þar réð húsum þá.

Vitnið Gísli Einarsson rakari, 43 ára að aldri, kveðst hafa komið endrum og eins á umræddum tíma og minnir, að eitthvað hafi verið þar um spilamennsku.

Vitnið Kristinn Hannes Guðbjörnsson loftskæptamaður, Blönduhlíð 13, 30 ára að aldri, kveðst hafa spilað alloft hjá ákærðum Michael Sigfinnssyni á Óðinsgötu 1 umræddan vetur, en stundum hafi þó annaðhvort Björn Ársælsson eða Ólafur stjórnað spilamennskunni („haldið pottinn“).

Vitnið Þorvaldur Jónasson verkamaður, Hátúni 9, 46 ára að aldri, kveður töluvert mikið hafa verið spilað þarna, og oft hafi hann spilað sjálfur. Hafi ýmist Michael eða Ólafur eða einhverjir aðrir staðið fyrir spilamennskunni.

Vitnið Þórarinn Hinriksson bifreiðarstjóri, 30 ára að aldri, kveðst hafa spilað þarna nokkrum sinnum, og hafi ýmist Michael eða Ólafur „haldið pottinn“.

Vitnið Þorsteinn Bjarnason sjómaður, 41 árs að aldri, kveðst nokkrum sinnum hafa spilað þarna, en þó ekki oft. Hann segir, að

Ólafur Ólafsson og Björn Ársælsson hafi alloft stjórnað spilamennskunni, upp á prósentur, að honum hafi skilist.

Vitnið Ingólfur Arngrímsson kveðst hafa spilað eitthvað þremur sinnum á Óðinsgötu 1 þennan vetur.

Í máli þessu hefur ekki komið fram, að ákærður Michael hafi staðið fyrir fjárhættuspilum að öðru leyti en því, sem nú hefur verið rakið. Skýrði Michael svo frá við rannsókn málsins, að undanfarið ár hefði hann aðallega spilað bridge eða kanasta í Bridgeklúbb Reykjavíkur og lagt niður fjárhættuspil, enda skort fjármuni til slíks. Hann kveðst, meðan hann hafði verzlunina á Óðinsgötu 1, stundum hafa leyft Ólafi eða Birni að spila þar, og hafi þeir þá greitt sér stundum 1—200 kr. fyrir kvöldið sem þóknun fyrir öl og annað, er þeir veittu gestum sínum af birgðum ákærðs. Björn skýrir svo frá, að þegar það hafi komið fyrir, að hann hafi „haldið pottinn“ fyrir Michael, hafi hann fengið helming hagnaðarins.

2. Í janúar eða febrúar 1952 tóku ákærðir Ólafur Ólafsson og Baldur Ársælsson að reka fornverzlun í nefndu húsnæði á Óðinsgötu 1. Eftir það tóku þeir að halda uppi spilamennsku, en áður höfðu þeir fengið við peningaspil í skúr við Baldursgötu, svo sem síðar verður frá skýrt. Virðast hafa verið mikil brögð að fjárhættuspilum þarna, þar til rannsókn máls þessa hófst í maí 1952. Þeir Ásgeir Ólafsson, Karl Börlös Jensen Árnason, Bjarni Bjarnason, Gísli Einarsson, Kristinn Hannes Guðbjörnsson, Þorvaldur Hlíðdal Jónason, Þórarinn Hinriksson og Anton Ingólfur Arngrímsson, sem allir eru áður nefndir, bera það, að þeir hafi nokkrum sinnum spilað fjárhættuspil þarna, enn fremur ýmsir aðrir. Vitnið Guðlaugur Ásgeirsson klæðskeri, 37 ára að aldri, kveðst hafa spilað þarna fimm eða sex sinnum. Vitnið Kristján Guðmundur Sigmundsson forstjóri, 46 ára að aldri, kveðst hafa spilað póker þarna einu sinni og tapað nokkur hundruð krónum. Vitnið Víglundur Kristjánsson kaupmaður, 42 ára að aldri, kveðst hafa spilað þarna einu sinni. Vitnið Friðrik Jóhannsson verkamaður, 38 ára, kveðst hafa spilað þarna og telur, að bæði þarna og í skúrnum við Baldursgötu (sjá III.) hafi verið spilað töluvert mikið.

Vitnið Anton Guðjónsson bifreiðarstjóri, 29 ára, Þorsteinn Sigurðsson bifreiðarstjóri, 28 ára, Gústaf Ófeigsson bifreiðarstjóri, 31 árs, Kjartan Jónsson verkamaður, 34 ára, Guðbjartur Þórður Pálsson bifreiðarstjóri, 27 ára, Sveinn Bergmann Bjarnason sjómaður, 33 ára, hafa allir spilað hjá ákærðum Ólafi og Baldri á umræddum stað. Þá bera vitnin Gunnar Gunnarsson bifreiðarstjóri, 33 ára, og Núi Skjaldberg Jónsson afgreiðslumaður, 32 ára, að þeir hafi komið á nefndan stað og séð menn sitja þar að peningaspili, en ekki tekið þátt í því sjálfir.

Ákærðir Ólafur og Baldur hafa báðir viðurkennt, að alloft hafi verið spilað hjá þeim á Óðinsgötu 1 á umræddu tímabili, enda virðist af vitnaframburðum ljóst, að svo hafi verið.

Aðfaranótt laugardagsins 18. okt. f. á. var lögregla kölluð að Óðinsgötu 1. Voru þá allmargir menn að spilum í herbergi inn af verzlun Ólafs. Voru menn ölvaðir og yfrið sóðalegt um að litast. Hafði komið til ryskinga milli gesta. Af þessu tilefni hófst rannsókn af nýju, og kom í ljós, að um sumarið hafði Ólafur Ólafsson tekið enn að standa fyrir peningaspilum þarna. Játaði Ólafur, að þetta hefði komið fyrir, en oft hefði þó ekki verið spilað þarna. Vitnið Þórarinn Hinriksson kvaðst hafa spilað ca. þremur sinnum þarna um haustið, Gísli Einarsson þremur eða fjórum sinnum, Ásgeir Ólafsson nokkrum sinnum og ákærður Michael Sigfinnsson einu sinni, og kveðst Michael og hafa heyrt, að spilað hafi verið þarna oftár. Þá var í áður nefnt skipti (aðfaranótt 18. okt.) staddur þarna Björn bóndi Eggertsson, 49 ára að aldri, en hann kveðst ekki hafa komið þarna nema í þetta eina skipti. Virðist Ólafur hafa staðið einn fyrir spilamennsku á þessu tímabili.

III.

Fjárhættuspil í skúr við Baldursgötu.

1. Hinn 1. maí 1951 segjast þeir ákærðir Ólafur og Baldur hafa tekið að reka fornverzlun á Laugavegi 47 og hafa rekið hana þar, unz þeir fluttust á Óðinsgötu 1, sbr. II. hér að framan. Á þessum tíma höfðu þeir á leigu skúr á bak við húsið nr. 24 við Baldursgötu. Skúr þennan telja þeir sig hafa haft til þess að gera við og mála gömul húsgögn, er þeir keyptu og seldu síðan í verzluninni.

Í máli þessu hefur komið í ljós, að í skúrnum hefur að staðaldri verið spilað fjárhættuspil. Ákærður Baldur segir, að haustið 1951 hafi verið spilað þarna mikið, en þó hafi fallið úr kvöld og kvöld. Ólafur kveður ekki heldur fyrir það að synja, að alloft hafi menn komið til þeirra til að spila.

Fyrir dóm hefur komið sægur vitna, er kveðast hafa tekið þátt í fjárhættuspili á nefndum stað: Ásgeir Ólafsson, Bjarni Bjarnason, Karl Börlös Jensen Árnason, Gísli Einarsson, Kristinn Hannes Guðbjörnsson, Víglundur Kristjánsson, Þorvaldur Jónasson, Friðrik Jóhannsson, Anton Guðjónsson, Þórarinn Hinriksson, Þorsteinn Sigurðsson, Sveinn Bergmann Bjarnason, Kjartan Jónsson, Guðbjartur Þórður Pálsson, Þorsteinn Bjarnason og Anton Ingólfur Arngrímsson, sem allir hafa verið nefndir áður, hafa allir spilað þarna peningaspil, langflestir oftár en einu sinni og margir oft, auk þeirra Magnús Gunnar Guðmundsson bifreiðarstjóri, 33 ára, er kveðst hafa spilað póker þarna einu sinni eða tvisvar, Óskar Arnar Lárusson bifreiðarstjóri, er kveðst í fjögur eða fimm skipti fyrir júl 1951 hafa spilað póker, Aðalsteinn Stefánsson bifreiðarstjóri, 38 ára, er kveðst hafa spilað líklega þremur sinnum skömmu eftir áramótin, Lárus Hermannsson verkamaður, 38 ára, er kveðst hafa spilað einu sinni, og Gunnar Gunnarsson, er áður var nefndur, er kveðst hafa komið þarna og horft á, en ekki spilað sjálfur.

2. Um miðjan janúar eða þar um bil tóku ákærðir Hannes Ágústsson og Björn Ársælsson við skúrnum í því skyni að halda þar uppi fjárhættuspili, og hættu ákærðir Ólafur og Baldur jafnframt að spila þar, og um sama leyti fluttust þeir á Óðinsgötu 1, sem áður greinir. Greiddu Hannes og Björn þeim Ólafi og Baldri kr. 3.000,00 fyrir að fá að yfirtaka umráð skúrsins, og munu þeir hafa fengið að halda einhverjum húsmunum, sem í skúrnum voru. Þeir ákærðir Hannes og Björn viðurkenna báðir, að ætlunin hafi verið að halda þarna uppi peningaspili, enda segist Hannes hafa verið búinn að tapa miklu fé í spilum og hafa haft hug á að reyna að vinna upp eitthvað af því tapi. Aftur á móti er svo að sjá, að ekki hafi verið mikið um spil í skúrnum, eftir að þeir Hannes og Björn tóku við. Hannes segir, að þar hafi verið spilað 6—8 sinnum, og hafi hann og Björn „haldið pottinn“ til skiptis. En eftir að peningaspil færðist í aukana hjá Ólafi og Baldri á Óðinsgötunni, hafi dregið úr aðsókn í skúrinn, og hafi þeir félagar hætt að spila í skúrnum, en hann neitar, að hann hafi nokkru sinni staðið þar fyrir spilum, eftir að hann og Hannes tóku við skúrnum. Hins vegar hafi Hannes látið spila þar nokkrum sinnum. Björn segir hins vegar, að hann hafi stundum „haldið pottinn“ fyrir þá Ólaf og Baldur, meðan þeir ráku skúrinn, og fengið þá helming hagnaðar. Björn segir, að hann og Hannes hafi haft skúrinn á leigu í 1½ mánuð, en flutzt þá á burt.

Vitnið Kristinn Hannes Guðbjörnsson kveðst hafa spilað í skúrnum, eftir að Ólafur og Baldur voru þaðan farnir. Vitnið Karl Börlös Jensen Árnason kveðst einu sinni hafa spilað í skúrnum, eftir að Hannes og Björn voru teknir við, og kveður hann Björn hafa „haldið pottinn“ þá. Vitnin Ásgeir Ólafsson, Gísli Einarsson og Sveinn Bergmann Bjarnason telja sig allir hafa vitað til þess, að fjárhættuspil hafi farið fram í skúrnum, eftir að Ólafur og Baldur fluttust þaðan, þótt ekki minnst þeir þess, að þeir hafi spilað þar eftir það.

IV.

Á nefndum stöðum hafa ýmis peningaspil verið spiluð samkvæmt framburði ákærðra og vitna, t. d. „kaution“ og tuttugu og eitt, en þó langsamlega mest póker, og meiri hluti vitnanna kveðst alls ekki hafa orðið var við, að annað væri spilað en póker. Fyrirkomulagið virðist jafnan hafa verið hið sama á spilunum. Þegar önnur spil en póker eru spiluð, hefur húsráðandi jafna aðstöðu og aðrir spillamenn, en þegar póker er spilaður, „heldur hann pottinn“, sem kallað er. Spilað er misjafnlega hátt, aðallega þó eftir reglunum 5—10—50 eða 10—20—100, eins og það er kallað. Þegar spilað er eftir fyrra kerfinu, tekur „potthaldarinn“ 5 kr. úr hverjum spiluðum potti, en 10 kr. sé spilað eftir hinu kerfinu. Skoðanir vitna um gróða „potthaldarans“ eru nokkuð skiptar, en langflestir telja þó, að um talsverðan hagnað sé að ræða af því að fá að taka þannig úr pottum,

og sumir telja hagnaðinn mikinn. Virðist ekki taka nema fáeinar mínútur að spila úr hverjum potti.

Þess er að gæta, að húsráðendur hafa séð um nokkrar veitingar handa gestum sínum. Hafa þeir séð fyrir öli og tóbaki og jafnvel áfengi, en að því virðist þó hafa kveðið mjög lítið. Ákærðir gera mjög mikið úr útgjöldum sínum af þessum sökum og jafnvel svo, að þeir telja sig ekkert hafa haft upp úr því að „halda pottinn“.

Ögerningur er að sannreyna, hver hagnaður sé að því að „halda pott“ með framangreindum hætti, og hafa ekki fengizt önnur gögn um það en álit þeirra, sem borið hafa vitni í málinu. Verður að drepa hér á framburði vitna um þetta atriði. Ásgeir Ólafsson kveðst telja, að sá, sem „heldur pottinn“, hljóti að hafa af því nokkurn hagnað, að vísu mjög misjafnan. Sjálfur telur hann, að hann hafi heldur tapað en grætt á spilamennsku sinni, en að vísu ekki verulegri upphæð. Hann kveðst stundum hafa verið hvattur til að koma og spila á nefndum stöðum, bæði af húsráðendum og öðrum, sem eru tíðir gestir, þar sem spilað er. Guðlaugur Ásgeirsson kveðst ekkert geta sagt um það, hvort hagnaður sé af því að „halda pottinn“ eða ekki. Bjarni Bjarnason telur, að þeir, sem „pottinn halda“, hafi vafalaust töluverðan ágóða af því. Hann kveðst veturinn 1951—2 hafa tapað a. m. k. 1.000 kr. í spilum, og hann minnst þess, að hann hafi tapað 500 kr. á kvöldi. Karl Börlös Jensen Árnason kveður vafalaust, að „potthaldarar“ hafi mjög verulegan hagnað, og það fé, sem er í umferð á spilaborðinu, lendi, um það er lýkur, hjá þeim. Hafi hann orðið var við, að menn hafi tapað mjög verulegum upphæðum við spilaborðið. Sjálfur telur hann, að hann hafi veturinn 1950—1951 tapað ca. 5.000 kr. og veturinn 1951—1952 ca. 3.000 kr. Kristinn Hannes Guðbjörnsson telur, að þeir, sem „héldu pottinn“, hafi haft upp úr því æðimikið fé. Sjálfur telur hann sig hafa tapað 10.000 kr. í spilum í skúrnum við Baldursgötu. Gísli Einarsson kveðst frekar hafa grætt en tapað á spilamennsku sinni. Þorvaldur Jónasson telur ljóst, að „potthaldararnir“ raki saman stórfé, og Friðrik Jóhannsson telur þá munu hafa verulegan ávinning. Kveðst Friðrik hafa tapað töluvert miklu fé í fjárhættuspili, þótt ekki geti hann haft reiður á, hve miklu tap sitt nemi. Anton Guðjónsson gizkar á, að sá, sem „heldur pottinn“, geti grætt á því 2.000 kr. á nóttu og þaðan af meira, og sama er álit Þórarins Hinrikssonar. Óskar Arnar Lárusson kveðst hafa tapað nokkru fé í þau skipti, er hann spilaði, eða á að gizka 1.500—2.000 kr. Telur hann þá, sem taka úr potti, hljóta að hafa upp úr því töluvert fé. Sama segir Þorsteinn Sigurðsson. Hann kveðst hafa tapað nokkru fé, um 2.000 kr., í spilum, en í síðasta skiptið unnið upp af því 800 kr. á einu kvöldi. Gústaf Ófeigsson, Aðalsteinn Stefánsson, Sveinn Bergmann Bjarnason og Núi Skjaldberg Jónsson telja allir víst, að töluverðar tekjur séu af því að taka úr pottum, og Þorsteinn Bjarnason telur þær mjög miklar. Guðbjartur Þórður Pálsson telur sig ekki geta um það sagt,

hvort hagnaður sé að því að taka úr pottum með þeim hætti, er lýst hefur verið.

Ákærðir telja allir, að þeir hafi haft nægar tekjur til lífsviðurværis sér af löglegri atvinnu, þó þannig, að Hannes telur sig að vísu hafa litlar tekjur haft, en aftur á móti hafi gengið mjög á eignir hans síðustu ár. Ekki hefur þótt fært að rannsaka, hvort ákærðir hafi raunverulega haft þessar tekjur, og verður að ganga út frá, að svo hafi verið. Aftur á móti verður að telja ljóst með því, sem áður er rakið, að þeir hafi haft tekjur af því að standa fyrir fjárhættuspili og aflað sér tekna með því að láta slíkt spil fara fram í húsnæði, er þeir höfðu umráð yfir. Ávinningur sá, er þeir teljast hafa aflað sér með þessum hætti, verður hins vegar ekki sannreyndur, enda hefur ekki verið gerð krafa um upptöku ólöglegs ávinnings, og verður að meta sök hvers hinna ákærðu með hliðsjón af því, hve mikið hefur kveðið að því, að þeir veittu pókerspilum forstöðu (tækju úr pottum).

Sannað þykir, að Michael Sigfinnsson hafi veturinn 1950—51 gert sér að atvinnu að spila fjárhættuspil og aflað sér tekna með því að láta fjárhættuspil fara fram í húsnæði, er hann ræð yfir á Óðinsgötu 1. Þykir hann með því hafa gerzt brotlegur við 183. og 184. gr. laga nr. 19/1940, enda er það eigi refsiskilyrði samkv 183. gr., að um aðalatvinnuveg sé að ræða. Þykir refsing hans með hliðsjón af fortíð hans hæfilega ákveðin 60 daga fangelsi, en auk þess þykir skv. 2. mgr. 49. gr. hegningarlaga rétt að gera honum á hendur sekt, að upphæð 10.000 krónur, er renni til ríkissjóðs og afplánist fangelsi 75 daga, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Sannað er, að Ólafur Ólafsson og Baldur Ársælsson stóðu fyrir fjárhættuspili í stórum stíl í húsnæði, er þeir höfðu yfir að ráða, og öfluðu sér þannig tekna. Þeir hafa því einnig brotið gegn nefndum hegningarlagagreinum. Refsingu þeirra ber að meta með hliðsjón af fortíð þeirra og með tilliti til þess, að eftir að rannsókn málsins var hafin, hóf Ólafur þessa starfsemi af nýju, en Baldur virðist ekki hafa átt þar hlut að. Þykir refsing Ólafs hæfilega ákveðin 3 mánaða fangelsi og auk þess 18.000 króna sekt til ríkissjóðs, og afplánist sektin 120 daga fangelsi, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Refsing Baldurs þykir hins vegar hæfilega ákveðin 60 daga fangelsi og auk þess 12.000 kr. sekt til ríkissjóðs, og afplánist hún 85 daga fangelsi, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Er litið er til fortíðar Baldurs, þykir rétt að ákveða, að fangelsisrefsingin falli niður eftir 3 ár, ef skilorð VI. kafla laga nr. 19/1940 verður haldið.

Sannað þykir, að ákærður Hannes Ágústsson hafi notað sér húsnæði það, er hann hafði til afnota á Baldursgötu ásamt Birni Ársælsyni, til þess að afla sér tekna þar af fjárhættuspili og spila slíkt spil í atvinnuskyni. Ósannað er, að Björn hafi haft neinar tekjur

af því að spila í þessu húsnæði, eftir að hann fékk umráð þess, en upplýst er, að áður hafði hann gert sér það að tekjulind að standa fyrir fjárhættuspilum í þessu húsnæði og hjá ákærðum Michael á Óðinsgötu 1. Þykir ákærður Hannes hafa brotið gegn 183. og 184. gr. hegningarlaga, en Björn gegn 183. gr. Þykir refsing hvors þeirra um sig hæfilega ákveðin 10.000 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í stað hvorrar sektar, ef þær greiðast eigi innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Krafa hefur verið gerð um, að ákærðir verði sviptir réttindum skv. 3. mgr. 68. gr. hegningarlaga, en eigi þykja brot ákærðra svo vaxin, að slík réttindasvipting þyki eiga við, sbr. og dómvenju.

Skaðabótakröfur hafa ekki verið gerðar í málinu, enda hefur enginn þeirra, er þátt hafa tekið í fjárhættuspili og náðst hefur til, gert þá grein fyrir töpum sínum né hvert þau hafi runnið, að ástæða hafi þótt til að benda þeim á rétt til að gera slíka kröfu.

Dæma ber ákærða til að greiða sakarkostnað sem hér greinir: ákærðan Michael málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Lárusar Jóhannessonar hrl., kr. 800,00, ákærða Ólaf og Baldur in solidum málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, Kristjáns Guðlaugssonar hrl., kr. 1.000,00, ákærðan Björn málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Ólasonar hrl., kr. 800,00, og ákærðan Hannes Ágústsson málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gísla Ísleifssonar hdl., kr. 800,00. Annan sakarkostnað ber að dæma alla hina ákærðu til að greiða in solidum.

Dómsorð:

Ákærður Michael Sigfinnsson sæti fangelsi 60 daga. Hann greiði og til ríkissjóðs 10.000 króna sekt, er afplánist 75 daga fangelsi, ef hún verður eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærður Ólafur Ólafsson sæti fangelsi 3 mánuði. Hann greiði til ríkissjóðs 18.000 króna sekt, er afplánist 120 daga fangelsi, ef hún verður eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærður Baldur Ársælsson sæti fangelsi 60 daga, en fresta skal fullnustu þeirrar refsingar, og falli hún niður eftir 3 ár frá uppkvaðningu dóms þessa, ef haldið verður skilorð VI. kafla laga nr. 19/1940. Hann greiði til ríkissjóðs 12.000 króna sekt, er afplánist 85 daga fangelsi, ef hún verður eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærðir Björn Ársælsson og Hannes Ágústsson greiði hvor um sig 10.000 króna sekt til ríkissjóðs, og afplánist hvor sekt 75 daga varðhaldi, ef þær greiðast ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærður Michael greiði kr. 800,00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Lárusar Jóhannessonar hrl., ákærðir Ólafur og Baldur in solidum kr. 1.000,00 í málsvarnarlaun til skipaðs

verjanda síns, Kristjáns Guðlaugssonar hrl., ákærður Björn kr. 800,00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Sigurðar Ólasonar hrl., og ákærður Hannes kr. 800,00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Gísla Ísleifssonar hdl. Annan sakarkostnað greiði allir hinir ákærðu in solidum.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 3. maí 1954.

Nr. 65/1953. Skapti Davíðsson (Magnús Thorlacius)
 gegn

Pórdísi Dagbjörtu Davíðsdóttur
 (Ólafur Þorgrímsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarmen Hæstaréttar.

Skiptamál. Endurgjaldskrafa og framfærslukrafa í dánarbú.
 Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson, borgarfégeti í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. maí 1953. Krefst hann þess *aðallega*, að kröfu stefnda í dánarbú Davíðs Jóhannessonar verði hrundið, en *til vara*, að krafan verði lækkuð eftir mati Hæstaréttar og greiðsla vaxta og málskostnaðar felld niður. Svo krefst áfrýjandi og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst *aðallega*, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur, en *til vara*, að krafa hennar í dánarbúið verði tekin til greina með lægri fjárhæð eftir mati Hæstaréttar. Enn fremur krefst stefndi málskostnaðar af áfrýjanda hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Skiptaráðandanum í dánarbúi Davíðs Jóhannessonar hefur verið stefnt fyrir hönd dánarbúsins til réttargæzlu fyrir Hæstarétti.

Í Hæstarétti hafa verið lögð fram ýmis ný gögn, sem máli